BANKASÝSLA RÍKISINS

Skýrsla um starfsemi Bankasýslu ríkisins

2018

BANKASÝSLA RÍKISINS

Skýrsla um starfsemi Bankasýslu ríkisins 2018

Nóvember 2018

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR 4

STARFSEMI BANKASÝSLUNNAR 6

- LÖGBUNDIÐ HLUTVERK OG VERKEFNI 6
- FRAMKVÆMD EIGANDASTEFNU RÍKISINS 11
- STJÓRN OG STARFSMENN 14
- VALNEFND 15
- LISTI YFIR STJÓRNARMENN BANKASÝSLUNNAR 15

REKSTUR FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA Á ÁRINU 2017 16

- REKSTUR VIÐSKIPTABANKANNA 2017 16
- REKSTRARREIKNINGUR VIÐSKIPTABANKANNA 22
- EFNAHAGSREIKNINGUR VIÐSKIPTABANKANNA 26
- ARION BANKI 29
- ÍSLANDSBANKI 30
- LANDSBANKINN 32
- SPARISJÓÐUR AUSTURLANDS HF. 34

Skilgreiningar

Arion banki	Arion banki hf.
FME	Fjármálaeftirlitið
IPSAS	International Public Sector Accounting Standards
Íslandsbanki	Íslandsbanki hf.
Kaupskil	Kaupskil ehf.
Kaupþing	Kaupþing ehf.
Landsbankinn	Landsbankinn hf.
m.kr.	Milljónir króna
ma.kr.	Milljarðar króna
Seðlabankinn	Seðlabanki Íslands
TIF	Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta
þ.	Þúsund
þús.kr.	Þúsundir króna
VLF	Verg landsframleiðsla

Inngangur

Bankasýsla ríkisins gefur nú í níunda sinn út ársskýrslu sína í samræmi við ákvæði 8. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins, en þar segir að stofnunin skuli gefa fjármála- og efnahagsráðherra ítarlega skýrslu um starfsemi sína fyrir 1. júní ár hvert. Með þessari skýrslu birtir stofnunin í sjötta sinn ársskýrslu sína eingöngu með rafrænum hætti. Er í skýrslunni fjallað um starfsemi stofnunarinnar fyrir árið 2017 og þar með talið aðalfundi þeirra fjármálafyrirtækja, sem hún fer með eignarhluti í og haldnir voru á fyrri hluta ársins 2018.

Í töflu 1 má finna upplýsingar um eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum sem eru í umsýslu stofnunarinnar og eigið fé hluthafa þeirra í árslok 2017. Þá nam hlutur ríkisins í eigin fé hluthafa þessara fjármálafyrirtækja samtals 453,6 ma.kr, en 424,3 ma.kr. að teknu tilliti til sölunnar á hlut í Arion banka. Töluverðar breytingar urðu á framsetningu á ríkisreikningi fyrir árið 2017 miðað við fyrri ár vegna innleiðingar á IPSAS. Þannig nam bókfært virði eignarhlutanna á ríkisreikningi samtals 362,8 ma.kr., eða 16,8% af samtals eignum ríkisins, sem námu 2.157,6 ma.kr. í árslok 2017.

Tafla 1: Eignarhlutir ríkisins í fjármálafyrirtækjum 31. desember 2017 (fjárhæðir í ma.kr.)[1]

Eignir á ríkisreikningi	Eignarhlutur	Eigið fé hluthafa	Hlutur í eigin fé hluthafa	Bókfært virði
Arion banki	13,0%	225,6	29,3	23,1
Íslandsbanki	100,0%	178,6	178,6	142,9
Landsbankinn	99,7%	246,1	245,3	196,4
Sparisjóður Austurlands	49,5%	0,8	0,4	0,4
Samtals		651,0	453,6	362,8
Aðrar eignir ríkissjóðs				1.794,6
Samtals				2.157,4

Það sem helst ber að nefna varðandi nýliðið starfsár er sala íslenska ríkisins á 13,0% eignarhlut í Arion banka, sem lauk 26. febrúar sl. Um er ræða fyrstu verulegu sölu á eignarhlut ríkissjóðs í fjármálafyrirtækjum eftir fall viðskiptabankanna þriggja á árinu 2008 og nam söluandvirðið samtals 24,5 ma.kr. Þá birtist ný eigandastefna fyrir fjármálafyrirtæki í eigu ríkisins þann 4. júlí 2017, þar sem fram koma markmið ríkisins um eignarhald í fjármálafyrirtækjum, skipulag eigandahlutverksins, meginreglur stefnunnar og viðmið fyrir stjórnarhætti og árangur.

Eignarhlutir ríkisins í fjármálafyrirtækjum eru áfram miklir í samanburði við önnur ríki. Mynd 1 sýnir eignarhluti ríkisins í árslok 2017, annars vegar í samanburði við opinberar skuldir í árslok 2017 og hins vegar í samanburði við verga landsframleiðslu ársins (VLF).

[1] Heimild: Ársreikningar fjármálafyrirtækjanna fyrir árið 2017, ríkisreikningur fyrir árið 2017. Eignarhlutur miðast við útistandandi hluti, en stofnunin fer með 98,2% af útgefnum hlutum í Landsbankanum.

Mynd 1: Hlutur ríkissjóða í Evrópu í bókfærðu eigin fé viðskiptabanka í þeirra eigu í árslok 2017[2]



Mynd 2: Hlutur ríkissjóðs í bókfærðu eigin fé viðskiptabanka sem hlutfall af VLF 1997-2017



[2] Heimild: Bankasýsla ríkisins, Hagstofa Íslands, Statice og ársskýrslur undirliggjandi banka. Bókfært eigið fé hluthafa og skuldir hins opinbera (Maastricht skilgreiningin) í árslok 2017 og verg landsframleiðsla (VLF) á árinu 2017. Að teknu tilliti til sölu á eignarhlut í Arion banka, sem lauk 26. febrúar sl.

Starfsemi Bankasýslunnar

Lögbundið hlutverk og verkefni

Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins fer stofnunin með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, í samræmi við lög, góða stjórnsýslu- og viðskiptahætti og eigendastefnu ríkisins á hverjum tíma, og leggur þeim til fé fyrir hönd ríkisins á grundvelli heimildar í fjárlögum.

Eftir sölu á eignarhlut í Arion banka, fer Bankasýsla ríkisins með eignarhluti ríkisins í tveimur viðskiptabönkum og einum sparisjóð. Stofnunin fer með allt hlutafé í Íslandsbanka og 98,2% útgefins hlutafjár og 99,7% útistandandi hlutafjár í Landsbankanum. Stofnunin fer jafnframt með 49,5% hlutafjár í Sparisjóði Austurlands hf. (áður Sparisjóður Norðfjarðar ses.).

Samkvæmt framangreindu lagaákvæði skal stofnunin í starfsemi sinni leggja áherslu á endurreisn og uppbyggingu öflugs innlends fjármálamarkaðar og stuðla að virkri og eðlilegri samkeppni á þeim markaði, tryggja gagnsæi í allri ákvarðanatöku varðandi þátttöku ríkisins í fjármálastarfsemi og tryggja virka upplýsingamiðlun til almennings.

Stofnunin útfærði lögbundið hlutverk sitt með þrennum hætti í framtíðarstefnu sem birt var þann 16. mars 2012: (a) eigendahlutverk, (b) endursöluhlutverk og (c) endurreisnarhlutverk. Eigandahlutverk stofnunarinnar felst í því að fara með eignarhluti á faglegan og hagkvæman hátt í samræmi við lög, góða stjórnsýslu- og viðskiptahætti og eigandastefnu ríkisins og hafa eftirlit með eigandastefnu á hverjum tíma. Endursöluhlutverk stofnunarinnar felst í því að útbúa hugmyndir um útgreiðslu eigin fjár af hálfu fjármálafyrirtækjanna og vinna tillögur til ráðherra um sölu eignarhluta og annast sölumeðferð þeirra, eftir að ákvörðun ráðherra um sölu liggur fyrir. Með endurreisnarhlutverki er átt við að áhersla er lögð á endurreisn og uppbyggingu öflugs innlends fjármálamarkaðar, gagnsæi í ákvörðunartöku og virka og eðlilega samkeppni á fjármálamarkaði. Bankasýsla ríkisins hefur sett sér það markmið að vera virkur aðili í miðlun þekkingar og umræðu um lausnir í íslenska bankakerfinu, jafnt gagnvart íslensku samfélagi sem alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Miklu skiptir við endurreisn íslenska fjármálakerfisins að umræða byggist á staðreyndum og virku upplýsingaflæði. Þannig má byggja upp tiltrú á íslensku fjármálakerfi og jafnvel glæða áhuga erlendra fjárfesta á eignarhlutum í íslenskum bönkum.

Á árinu 2017 nam rekstrarkostnaður Bankasýslu ríkisins 78,7 m.kr, en framlög ríkissjóðs og tekjufærsla samtals 99,2 m.kr. Afkoma ársins nam því 20.4 m.kr. Rekstrarkostnaður stofnunarinnar lækkaði töluvert á milli ára, en árið 2016 nam hann 87,9 m.kr.

Eignarhlutir ríkisins

Samkvæmt ákvæði a-liðar 4. gr. laga um nr. 88/2009 á stofnunin að fara með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum og skv. b-lið sama ákvæðis að sjá um samskipti ríkisins við þau og tengjast eigendahlutverki og skulu samskiptin fara fram í gegnum bankaráð og stjórnir fjármálafyrirtækjanna. Fundað er með nýjum stjórnarmönnum þegar þeir taka sæti í stjórn og þeim kynnt lög nr. 88/2009, eigendastefna ríkisins og áherslur og framtíðarsýn stofnunarinnar. Þá hefur stofnunin einnig fengið kynningar á frammistöðumati stjórnar Íslandsbanka og bankaráðs Landsbankans.

Árið 2017 var reglulega fundað með forsvarsmönnum allra bankanna þriggja, þ.e. Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans. Þá er alltaf haldinn fundur eftir ársfjórðungslegt uppgjör þeirra.

Fundir hluthafa

Skv. ákvæði d-liðar 4. gr. laga nr. 88/2009 fer stofnunin með atkvæði ríkissjóðs á hluthafafundum fjármálafyrirtækja. Bankasýsla ríkisins hafði rétt á því að tilnefna einn fulltrúa í stjórn Arion banka þar til eignarhlutur í bankanum var seldur þann. Bankasýsla ríkisins hefur einnig rétt á því að tilnefna alla sjö fulltrúa í stjórn Íslandsbanka og alla sjö fulltrúa í stjórn Landsbankans ásamt varamönnum. Stofnunin tilnefnir síðan tvo stjórnarmenn í Sparisjóði Austurlands hf. og einn varamann.

Þann 23. júní 2017 var haldinn hluthafafundur í Arion banka. Á þeim fundi var Eva Cederbalk kosin í stjórn félagsins og Þórarinn Þorgeirsson kosinn sem varamaður. Þann 6. október 2017 var haldinn annar hluthafafundur þar sem breytingar voru gerðar á ákvæði til bráðabirgða í samþykktum félagsins. Þann 30. nóvember 2017 var haldinn þriðji hluthafafundur þar sem Steinunn Kristín Þórðardóttir var kosin í stjórn. Að síðustu var haldinn hluthafafundur þann 12. febrúar 2018 þar sem annars vegar var samþykkt heimild stjórnar um kaup á eigin hlutum og hins vegar samþykkt skilyrt arðgreiðsla til hluthafa. Á fundinum greiddi Bankasýsla ríkisins atkvæði gegn tillögu um heimild bankans til kaupa á eigin hlutum. Lét stofnunin færa eftirfarandi bókun í fundargerð: *„Bankasýsla ríkisins greiðir atkvæði gegn tillögu um kaup á eigin bréfum. Telur stofnunin að tillagan sé ekki í samræmi við ákvæði eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki um jafnræði hluthafa*.“ Á fundinum greiddi stofnunin einnig atkvæði gegn tillögu um skilyrta arðgreiðslu og lét færa sérstaka bókun í fundargerð: *„Bankasýsla ríkisins greiðir atkvæði gegn tillögu um arðgreiðslu. Í fyrsta lagi telur stofnunin að arðgreiðslan eigi að koma strax til framkvæmda. Í öðru lagi telur stofnunin að arðgreiðslan eigi ekki að vera háð viðskiptum á milli hluthafa bankans. Telur stofnunin að tillagan sé ekki í samræmi við ákvæði eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki um jafnræði hluthafa og vandaða stjórnarhætti.*“

Aðalfundur Landsbankans fór fram þann 21. mars 2018. Bankasýsla ríkisins fór með 98,2% hlut í bankanum þegar aðalfundur var haldinn, og eru því allir stjórnarmenn fulltrúar stofnunarinnar. Á aðalfundi Landsbankans voru eftirfarandi einstaklingar kjörnir í stjórn: Helga Björk Eiríksdóttir, stjórnarformaður, Berglind Svavarsdóttir, Einar Þór Bjarnason, Hersir Sigurgeirsson, Jón Guðmann Pétursson, Samúel Guðmundsson og Sigríður Benediktsdóttir. Varamenn voru kjörnir Guðrún Ó. Blöndal og Þorvaldur Jacobsen. Eru Guðrún og Þorvaldur nýir varamenn, en Samúel var áður varamaður sem kom nú inn í stjórn í stað Magnúsar Péturssonar. Þann 7. nóvember 2018 sagði Samúel sig úr bankaráði Landsbankans.

Á fundinum voru einróma samþykktar tillögur um útgreiðslu arðs, annars vegar arðgreiðsla upp á 0,65 kr. á hlut að fjárhæð 15,336 ma.kr. og hins vegar sérstaka arðgreiðslu upp á 0,4 kr. á hlut að fjárhæð 9,456 ma.kr. Gjalddagi fyrri arðgreiðslu var 28. mars og gjalddagi þeirrar seinni var 19. september nk. Einnig voru samþykktar allar aðrar tillögur eins og um þóknun stjórnar, tillögur stjórnar um starfskjarastefnu og heimild til kaupa á eigin hlutum og endurskoðunarfélag bankans.

Grant Thornton endurskoðun ehf. er endurskoðandi Landsbankans.

Á aðalfundi Íslandsbanka þann 22. mars sl. fór Bankasýsla ríkisins með 100% atkvæðishlut. Á fundinum var samþykkt að greiða arð til hluthafa sem samsvaraði 13 ma.kr. Ennfremur voru eftirtaldir einstaklingar kjörnir í stjórn: Friðrik Sophusson, stjórnarformaður, Árni Stefánsson, Anna Þórðardóttir, Auður Finnbogadóttir, Hallgrímur Snorrason, Heiðrún Jónsdóttir og Helga Valfells. Varamenn voru kjörnir Herdís Gunnarsdóttir og Pálmi Kristinsson. Á fundinum voru einnig samþykktar tillögur um þóknun stjórnar, um starfskjarastefnu og um endurskoðunarfélag bankans.

Ernst og Young ehf. er endurskoðandi Íslandsbanka.[3]

Aðalfundur Sparisjóðs Austurlands var haldinn þann 23. apríl 2018. Á fundinum var samþykkt tillaga um að greiða ekki arð. Einnig var samþykkt tillaga um þóknun stjórnar og tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.

Í stjórn Sparisjóðs Austurlands hf. voru kjörin þau Regína Fanný Guðmundsdóttir og Sigurður Hafsteinn Pálsson, sem eru fulltrúar Bankasýslu ríkisins. Aðrir stjórnarmenn eru Jón Einar Marteinsson, Jón Björn Hákonarson og Jóna Árný Þórðardóttir. Varamenn eru Valdimar O. Hermannsson og Guðmundur J. Skúlason.

KPMG ehf. var kosinn endurskoðandi Sparisjóðs Austurlands.

Samningar við stjórnir fyrirtækja

Skv. e-lið 4. gr. laga nr. 88/2009 á stofnunin að gera samninga við stjórnir hlutaðeigandi fjármálafyrirtækja, þar á meðal um eiginfjárframlög og um sérstök og almenn markmið í rekstri þeirra og setja þau skilyrði sem hún telur nauðsynleg vegna eiginfjárframlaga og birta útdrætti úr samningum opinberlega 12 mánuðum eftir að þeir hafa verið gerðir.

Þann 16. desember 2010 var gerður samningur um almenn og sértæk markmið í rekstri Landsbankans, sem er enn í gildi. Endurskoðun á þessum samningi er hafin og vonir gera ráð fyrir að viðræðum við bankann ljúki á þessu ári.

Viðræður um samning um almenn og sértæk markmið í rekstri Íslandsbanka eru á lokastigum og gert er ráð fyrir að ljúka þeim á þessu ári.

Tillögur um fjármögnun og sölu eignarhluta

Skv. g-lið 4. gr. laga nr. 88/2009 á stofnunin að gera tillögur til fjármálaráðherra um frekari fjármögnun fjármálafyrirtækja á grundvelli hlutverks og markmiða stofnunarinnar. Bankasýsla ríkisins lagði ekki fram tillögur um frekari fjármögnun fjármálafyrirtækja á árinu 2017.

Sala á 13,0% eignarhlut íslenska ríkisins í Arion banka hf.

Þann 3. janúar 2018 óskaði fulltrúi Kaupþings, móðurfélags Kaupskila, eftir því við Bankasýslu ríkisins að óformlegar viðræður myndu hefjast á milli aðila um nýtingu Kaupskila á einhliða kauprétti á grundvelli ákvæða hluthafasamkomulags á milli ríkissjóðs, Kaupskila og Arion banka dags. 3. september 2009. Hluthafasamkomulagið var gert á sínum tíma samhliða hluthafasamkomulagi ríkisins við stofnfjármögnun Íslandsbanka og Landsbankans.

Samkvæmt hluthafasamkomulaginu hafði Kaupskil samningsbundinn rétt og var kaupréttarverð á hvern hlut reiknað miðað við að ríkisjóður ávaxtaði hlutafjárframlag sitt til bankans (eða áskriftarverð) á þeim árafjölda, sem leið á milli stofndags bankans, þ.e. 18. október 2008 þegar ríkissjóður skráði sig fyrir öllu ógreiddu hlutafé í bankanum, og þess dags þegar Kaupskil myndi nýta kaupréttinn. Ávöxtun

[3] Hér skal tekið fram að vegna eignarhalds ríkisins á Íslandsbanka og Landsbankanum er Ríkisendurskoðun endurskoðandi bankanna, en með sérstökum samningi fer endurskoðunin fram af hálfu annarra endurskoðunarfélaga.

ríkisins miðaði við vexti á ríkisskuldabréfinu RIKH 18 1009 á þessu tímabili, sem samsvaraði tilteknum árafjölda, að viðbættu 5% álagi:

Kaupréttarverð = Áskriftarverð(1+Vextir á RIKH 18 1009+5%)^{Árafjöldi} – Uppsafnaðar arðgreiðslur*

Þann 15. febrúar 2018 barst tilkynning til Bankasýslu ríkisins frá Kaupskilum um nýtingu kaupréttarins. Í kjölfarið var send tillaga til fjármála- og efnahagsráðherra í í samræmi við ákvæði j. liðar 4. gr. laga nr. 88/2009 um að selja 13,0% eignarhlut í Arion á 23,4 ma.kr. eða 90,807 kr. á hvern hlut. Í tillögunni kom fram að stofnunin hefði yfirfarið útreikning á kaupréttarverðinu og fengið staðfestingu Grant Thornton á því. Var tekið fram að kaupréttarverð væri hið sama og það sem birtist í tilkynningu Kaupskila. Að mati stofnunarinnar væri útreikningurinn í samræmi við ströngustu túlkun stofnunarinnar á ákvæðum þess varðandi árafjölda og meðferð arðgreiðslna, sem koma til frádráttar. Einnig var það skoðun Bankasýslu ríkisins að ávöxtunarkrafa ríkissjóðs, sem lögð var til grundvallar kaupréttarverðinu, væri vel ígrunduð, bæði með tilliti til undirliggjandi vaxta (5,8%) og áhættuálags (5% umfram áhættulausa vexti). Var það því niðurstaða stofnunarinnar að samningsbundinn kaupréttur Kaupskila væri ótvíræður og skilyrði hans uppfyllt. Í samræmi við lög lagði Bankasýsla ríkisins því fram tillögu til fjármála- og efnahagsráðherra um að hann undirritaði samning um uppgjör kaupréttar og seldi Kaupskilum þannig 13,0% eignarhlut ríkisins í Arion.

Með bréfi, dags. 23. febrúar 2018, tilkynnti ráðherra að í samræmi við 2. mgr. 1. gr. laga nr. 155/2012 um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum myndi hann undirrita samning um uppgjör kaupréttar sem Bankasýsla ríkisins hefði kynnt ráðuneytinu. Kom þar fram að niðurstaða stofnunarinnar hefði verið kynnt á fundi ráðherranefndar um efnahagsmál og endurskipulagningu fjármálakerfisins ásamt því að málið hefði sætt sérstakri umfjöllun á ríkisstjórnarfundi. Í fréttatilkynningu ráðuneytisins þann sama dag sagði að með þessum málalyktum væri ríkissjóður ekki lengur hluthafi í Arion banka. Stjórnvöld myndu þó áfram gæta hagsmuna ríkissjóðs gagnvart bankanum og sölumeðferðar á honum á grundvelli stöðugleikasamninga. Einnig sagði að það væri mat stjórnvalda að niðurstaðan væri ríkissjóði hagfelld og að hún samrýmdist vel áformum ríkisstjórnarinnar um að draga úr eignarhaldi ríkisins á fjármálafyrirtækjum.

Þann 26. febrúar var samningur um uppgjör kaupréttar undirritaður af Kaupskilum, Kaupþings, Bankasýslu ríkisins og ráðherra. Þann sama dag barst greiðsla frá Kaupskilum að fjárhæð kr. 23.452.703.837. Um leið voru send fyrirmæli til Seðlabanka Íslands um afhendingu eignarhlutanna, eða 260.000.000 hluti að nafnverði. Fór afhending fram þann sama dag.

Um er ræða fyrstu sölu Bankasýslu ríkisins á eignarhlut íslenska ríkisins í viðskiptabanka.

Samkeppnissjónarmið

Skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 88/2009 *„skal [stofnunin] í starfsemi sinni og við meðferð eignarhluta ríkisins kappkosta að efla og styrkja samkeppni á fjármálamarkaði, m.a. með því að stuðla að því að öflug og virk samkeppni ríki milli fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins*“.

Skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 88/2009 *„skal þess [við starfsemi stofnunarinnar] vandlega gætt að trúnaðarupplýsingar um rekstur og starfsemi einstakra fjármálafyrirtækja sem hún fær vitneskju um berist ekki til annarra fjármálafyrirtækja*“.

Með yfirtöku íslenska ríkisins þann 31. janúar 2016 á 95% eignarhlut í Íslandsbanka hf. myndaðist tilkynningarskylda til Samkeppniseftirlitsins, sbr. ákvæði 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005, þar sem íslenska ríkið átti fyrir meirihluta í Landsbankanum og féll því yfirtakan undir samrunaákvæði nefndra laga. Í samstarfi við Bankasýslu ríkisins tilkynnti ráðuneytið um samrunann til Samkeppniseftirlitsins. Í kjölfar var gerð sátt við eftirlitið þann 11. mars 2016 og þann sama dag birtist ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 9/2016 *Framsal Glitnis hf. á 95% hlutafjár Íslandsbanka hf. til Ríkissjóðs Íslands*. Á grundvelli framangreindrar sáttar við Samkeppniseftirlitið samþykkti stjórn Bankasýslu ríkisins verklagsreglur varðandi öflun, vörslu og miðlun upplýsinga frá fjármálafyrirtækjum. Markmið þeirra er (a) að tryggja að öflun, varsla og miðlun upplýsinga af hálfu Bankasýslu ríkisins sé vönduð og hafi á engan hátt áhrif á samkeppni milli fjármálafyrirtækja sem hún fer með eignarhlut í og (b) að gæta þess vandlega að trúnaðarupplýsingar um rekstur og starfsemi einstakra fjármálafyrirtækja sem hún fær vitneskju um berist ekki til annarra fjármálafyrirtækja. Reglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu stofnunarinnar.

Framkvæmd eigandastefnu ríkisins

Skv. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 88/2009, fer *„Bankasýsla ríkisins [með] eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, í samræmi við.. eigendastefnu ríkisins á hverjum tíma“. Skv. c-lið 4. gr. laga um Bankasýsluna á stofnunin „[a]ð hafa eftirlit með framkvæmd eigendastefnu ríkisins eins og hún er á hverjum tíma*“.

Ný eigendastefna ríkisins var birt í júlí 2017.[4] Er stefnan fjórþætt og fjallar um markmið ríkisins með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum, skipulag eigandahlutverksins, meginreglur eigandastefnu og loks stjórnarhætti, kröfur og árangursviðmið. Verður hér fjallað um hvern þátt og hvernig Bankasýsla ríkisins hagaði starfsemi sinni á nýliðnu starfsári í samræmi við gildandi eigandastefnu.

Markmið ríkisins með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum

Ef fyrst er litið til markmiða ríkisins með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum, þá lýtur það að þremur þáttum, (i) markmiðum ríkisins sem eigandi, (ii) markmiðum um sölu og eignarhaldi til framtíðar og (iii) markmiðum um einstök félög.

Með markmiðum sem eigandi eru það þrjú atriði sem vega þyngst; að umsýsla eignarhalds og starfsemi fjármálafyrirtækja stuðli að trausti og trúverðugleika fjármálamarkaðar, að stuðla að samkeppni á fjarmálamarkaði og að hámarka langtímavirði fyrir ríkissjóð að teknu tilliti til áhættu. Að mati Bankasýslu ríkisins hefur undanfarin misseri ríkt nokkur stöðugleiki við umsýslu eignarhluta í viðskiptabönkunum. Greiddur arður skv. samþykki aðalfunda bankanna 2018 nam 37,8 ma.kr. sem er mjög svipað og árið 2017 en þá var greiddur arður að fjárhæð 35,2 ma.kr., en nánar má sjá arðgreiðslur frá árinu 2013 og hlut íslenska ríkisins í töflu 2 hér á eftir. Í júlí 2018 staðfesti S&P Global lánshæfismat bankanna tveggja (BBB+). Þá hafa fjárhagslegir mælikvarðar, eins og hlutfall vanskilalána, eiginfjárhlutfall, útlán til viðskiptavina og kostnaðarhlutfall haldist stöðug eða batnað. Að mati stofnunarinnar eru þetta allt vísbendingar um að íslenska ríkið sé að ná markmiðum sínum sem eigandi.

[4] https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=316393f0-6168-11e7-941c-005056bc530c

Tafla 2: Arðgreiðslur Íslandsbanka og Landsbankans frá stofnun og hlutur ríkisins (fjárhæðir í ma.kr.)

	Íslandsbanki	Landsbankinn	Samtals
Arðgreiðslur			
2013	3,0	10,1	13,1
2014	4,0	20,2	24,2
2015	9,0	24,0	33,0
2016	37,0	28,8	65,8
2017	10,0	25,2	35,2
2018	13,0	25,2	38,2
Samtals	76,0	133,4	209,4
Hlutur ríkisins			
2013	0,2	9,9	10,0
2014	0,2	19,7	19,9
2015	0,5	23,5	24,0
2016	37,0	28,3	65,3
2017	10,0	24,7	34,7
2018	13,0	24,7	37,7
Samtals	60,8	130,9	191,7

Sölu- og eignarhalds markmið íslenska ríkisins skv. eigandastefnu skiptast í þrjú viðfangsefni: (a) að ásættanleg skilyrði séu fyrir hendi áður en eignarhlutir verða seldir, (b) að gætt sé að langtímahagsmunum að teknu tilliti til áhættu og (c) að stuðlað verði að heilbrigðu eignarhaldi til lengri tíma. Í stefnunni segir að eignarhlutir ríkisins verði ekki seldir fyrr en aðstæður á fjármálamarkaði séu hagfelld og æskileg, líklegt að kaupendur séu til staðar og viðkomandi fyrirtæki sé tilbúið til sölu. Líta skuli til eftirfarandi þátta áður en lokaákvörðun um sölu er tekin, þ.a. að fjármagnsuppbygging og rekstur viðkomandi fjármálafyrirtækis sé í ákjósanlegu jafnvægi, að aðgreining áhættu af mismunandi starfsþáttum sé viðunandi og getu markaðarins til þess að kaupa eignarhlutinn, m.a. út frá framboði. Í stöðuskýrslu stofnunarinnar frá 2016 varðandi eignarhald og fyrirhugaða sölu á Landsbankanum hf. komu fram efnahagsleg viðmið Bankasýslu ríkisins varðandi það að hefja ferli að sölu á eignarhlutum til tryggja að fyrirsjáanlegt væri að ríkissjóður myndi hámarka endurheimtur fjárframlaga sinna en þau eru:

- Að íslenskt efnahagslíf hafi styrkst og náð stöðugleika.
- Að virðismat á fjármálafyrirtækjum sé ásættanlegt.
- Að fjárfestar hafi áhuga og bolmagn á fjárfestingu í eignarhlut.
- Að rekstur, afkoma, fjárhagsskipan og stjórnarhættir viðkomandi fjármálafyrirtækis bendi til þess að fjármálafyrirtækið geti talist álitlegur fjárfestingarkostur.

Stofnunin mun áfram nýta framangreind viðmið sín við að sinna frumkvæðishlutverki komi til sölu, sbr. ákvæði laga nr. 155/2012 um sölumeðferð á eignarhlutum íslenska ríkisins í fjármálafyrirtækjum, enda er mikill samhljómur á milli markmiða í eigandastefnu og nefndra viðmiða.

Önnur markmið um að gætt sé að langtímahagsmunum að teknu tilliti til áhættu og stuðlað verði að heilbrigðu eignarhaldi til lengri tíma eru síðan lýst nánar í eigandastefnunni á bls. 6-7. Sérstaka athygli mun stofnunin veita þeim undirmarkmiðum að leitast skuli við að hámarka langtímavirði eignarhluta

ríkisins í fjármálafyrirtækjum að teknu tilliti til arðsemi í rekstri þeirra, arðgreiðslna, söluverðs eignarhluta og annarra þátta sem máli skipta ásamt að meta reglulega stöðu og áhættu ríkisins af eignarhaldi á meiri hluta íslenskra fjármálafyrirtækja. Að sama skapi mun stofnunin leitast við að ná því markmiði að stuðla að heilbrigðu eignarhaldi með sölumeðferð, en að mati hennar verður því best náð með dreifðu og fjölbreyttu eignarhaldi.

Í eigandastefnu íslenska ríkisins eru nákvæm markmið varðandi Landsbankann, Íslandsbanka og Sparisjóð Austurlands. Í fyrsta lagi kemur þar fram að ríkið skuli eiga verulegan eignarhlut (34-40%) í Landsbankanum til langframa til að stuðla að stöðugleika í fjármálakerfinu og tryggja nauðsynlega innviði þess. Bankasýsla ríkisins hefur bent á að til þess að ná þessu markmiði gæti þurft að breyta ákvæði 3. tl. 1. gr. laga nr. 155/2012 um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum, en það kveður á um að einungis er heimilt að selja hlut ríkisins í Landsbankanum niður í 70% af heildarhlutafé bankans (aðeins það sem er umfram 70%) eða 28,2% eins og eignarhaldi bankans er nú um stundir. Það er því ljóst að það er ekki samræmi milli löggjafar íslenska ríkisins og eigandastefnu ríkisins að þessu leyti til. Í öðru lagi segir að stefnt sé að eignarhlutir í viðskiptabönkunum verðir seldir á næstu árum þegar hagfelld og æskileg skilyrði séu fyrir hendi. Um er ræða mikilvæga yfirlýsingu sem gengur hönd í hönd við stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar um að draga skuli úr eignarhaldi ríkisins í fjármálafyrirtækjum.[5] Í þriðja lagi segir að stefnt sé að því að selja 49,5% eignarhlut ríkisins í Sparisjóð Austurlands um leið og hægt er enda ekki markmið ríkisins að halda eignarhlutnum til framtíðar.

Skipulag eigandahlutverksins

Eins og fram kemur í eigandastefnu ríkisins er hlutverk þess gagnvart fjármálamarkaðnum þríþætt: (a) stefnumótunarhlutverk, (b) eftirlitshlutverk og (c) umsýsla eignarhluta. Með lögum um Bankasýslu ríkisins og eigandastefnunni hefur Bankasýslu ríkisins verið falin umsýsla eignarhluta. Með eigandastefnu ríkisins og stofnun Bankasýslu ríkisins voru eftirlitshlutverk og eigendahlutverk ríkisins því aðskilin.

FME fer ásamt Seðlabankanum með eftirlitshlutverkið, og Alþingi (lagasetningu) og fjármála- og efnahagsráðuneytið (frumvarpasmíð, reglugerðir o.fl.) með stefnumótunarhlutverkið. Hefur því Bankasýsla ríkisins sem umsýsluaðili eignarhluta í fjármálafyrirtækjum stundum aðra sýn á málefni fjármálafyrirtækja heldur en eftirlitsaðilar. Gerir stofnunin t. að m. athugasemdir við íþyngjandi lagaákvæði í umsögnum um lagafrumvörp og gerir aðrar kröfur um rekstrarhagkvæmni og upplýsingagjöf en eftirlitsaðilar. Bankasýsla ríkisins leggur mikla áherslu á að eiga gott samstarf við framangreinar stofnanir.

Meginreglur eigandastefnu

Í eigendastefnunni segir að til þess að ná fram nauðsynlegu jafnvægi milli markmiða eiganda með rekstri félagsins, almennra sjónarmiða stjórnar og stjórnenda um reksturinn og þeirra sérsjónarmiða sem leiða af hinu opinbera eignarhaldi félagsins séu settar fram tilteknar meginreglur varðandi rekstur og verkefni fjármálafyrirtækjanna. Meginreglunum er í fyrsta lagi ætlað að marka ramma um meðferð á eignarhaldi, í öðru lagi að skýra samskiptaleiðir eiganda, í þriðja lagi að vera stjórnarmönnum og

[5] Sjá bls. 19 í sáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=a5aa63d9-d5b4-11e7-9422-005056bc530c

stjórnendum leiðarljós við störf og í fjórða lagi að markmið og meginreglur eiganda varðandi stjórnun og stjórnarhætti verði aðgengilegar almenningi. Meginreglurnar eru tíu og hljóða eftirfarandi:

1. Jafnræðis skal gætt í samskiptum eigenda og milli eigenda og félags.
2. Viðhafa skal skýr ábyrgðarskil og stjórnunarlegan aðskilnað milli eiganda og félags, sem og milli stjórnar og stjórnenda.
3. Viðhafa skal vandaða og opna stjórnarhætti við stjórn félags.
4. Stjórn félags skal vera sjálfstæð í störfum sínum og bera ábyrgð á starfsemi og rekstri félagsins gagnvart eiganda sínum.
5. Félagið skal starfa í samræmi við eigandastefnu og árangursviðmið eiganda.
6. Félagið skal vinna að þeim samfélagslegu markmiðum sem eigandi stefnir að með eignarhaldinu.
7. Stjórn félags skal skipuð hæfum einstaklingum, því sem næst jafnmörgum konum og körlum, með góða menntun og haldgóða reynslu sem hæfir á viðkomandi sviði.
8. Félagið skal setja sér starfskjarastefnu sem er samkeppnishæf, en hófleg og ekki leiðandi.
9. Félagið skal stefna að því að auka samkeppni og draga úr fákeppni með starfsemi sinni.
10. Félagið skal gæta hlutlægni og jafnræðis við innkaup og ráðstöfun eigna og aðrar fjárhagslegar ráðstafanir.

Stjórn og starfsmenn

Yfirstjórn Bankasýslu ríkisins er í höndum þriggja manna stjórnar, sem skipuð er af fjármála- og efnahagsráðherra. Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri stofnunarinnar, skv. 2. gr. laga nr. 88/2009.

Í stjórn Bankasýslu ríkisins sem skipuð var í ágúst 2017 sátu þau Lárus L. Blöndal, formaður, Margrét Kristmannsdóttir og Almar Guðmundsson. Varamaður var Egill Tryggvason. Í október 2017 lét Almar af störfum og í hans stað var skipaður Vilhjálmur Bjarnason. Einnig lét Egill Tryggvason af störfum og í hans stað var skipaður varamaður Hildur H. Dungal.

Forstjóri Bankasýslu ríkisins er Jón G. Jónsson. Forstjóri mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti stofnunarinnar og annast daglega stjórn hennar ásamt því að ráða starfslið. Hann ber ábyrgð gagnvart stjórninni á starfsemi og rekstri stofnunarinnar, skv. 3. gr. laga nr. 88/2009.

Karl Finnbogason er sérfræðingur stofnunarinnar í eignastýringu. Hann hefur eftirlit með eignum í umsjá Bankasýslu ríkisins, tekur þátt í að framfylgja eigandastefnu ríkisins, sér um regluleg samskipti stofnunarinnar við fjármálafyrirtæki, sem hún fer með eignarhluti í, sér um upplýsingagjöf til eiganda og greiningu á fjárhag og rekstri fjármálafyrirtækjanna.

Þórólfur Heiðar Þorsteinsson er lögfræðingur stofnunarinnar. Hann veitir ráðgjöf varðandi ýmis lögfræðileg málefni sem varða Bankasýslu ríkisins og starfsemi hennar, m.a. samningagerð, rekstur stjórnsýslumála, ritun minnisblaða, umsagna um lagafrumvörp og annarra lögfræðilegra skjala.

Valnefnd

Stjórn Bankasýslu ríkisins skipar þriggja manna valnefnd, sem gerir tillögu um stjórnarmenn fyrir hönd ríkisins þegar tilnefna þarf í stjórnir fyrirtækja á forræði stofnunarinnar, sbr. 7. gr. laga nr. 88/2009.

Valnefnd Bankasýslu ríkisins skipa þau Þórdís Ingadóttir, formaður, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík, Auður Bjarnadóttir, ráðgjafi hjá Capacent og Jón Sigurgeirsson, framkvæmdarstjóri alþjóðasamskipta og skrifstofu bankastjóra hjá Seðlabanka Íslands. Nefndin var skipuð 23. febrúar 2018 og tók Jón við af Sigurði Þórðarsyni, fyrrverandi ríkisendurskoðanda.

Listi yfir stjórnarmenn Bankasýslunnar

Íslandsbanki

Friðrik Sophusson, stjórnarformaður
Helga Valfells, varaformaður
Anna Þórðardóttir, meðstjórnandi
Auður Finnbogadóttir, meðstjórnandi
Árni Stefánsson, meðstjórnandi
Hallgrímur Snorrason, meðstjórnandi
Heiðrún Jónsdóttir, meðstjórnandi

Varamenn í stjórn Íslandsbanka eru Herdís Gunnarsdóttir og Pálmi Kristinsson.

Landsbankinn

Helga Björk Eiríksdóttir, stjórnarformaður
Berglind Svavarsdóttir, varaformaður
Einar Þór Bjarnason, meðstjórnandi
Hersir Sigurgeirsson, meðstjórnandi
Jón Guðmann Pétursson, meðstjórnandi
Samúel Guðmundsson, meðstjórnandi[6]
Sigríður Benediktsdóttir, meðstjórnandi

Varamenn í stjórn Landsbankans eru Guðrún Ó. Blöndal og Þorvaldur Jacobsen.

Sparisjóður Austurlands hf.

Regína Fanný Guðmundsdóttir, varaformaður
Sigurður H. Pálsson, meðstjórnandi

Varamaður í stjórn Sparisjóðs Austurlands hf. er Guðmundur J. Skúlason.

[6] Sagði sig úr bankaráði þann 7. nóvember 2018.

Rekstur viðskiptabankanna 2017

Hagnaður viðskiptabankanna þriggja árið 2017 nam 47,4 ma.kr. á samstæðugrunni eftir skatta og lækkar því um 8,4 ma.kr. frá fyrra ári þegar hagnaðurinn nam 55,8 ma.kr. Þrátt fyrir að dregið hafi úr vægi einskiptisliða í uppgjörum bankanna gætti þeirra enn í uppgjörum 2017. Virðisaukning útlánasafna leggur bönkunum enn til hluta af rekstrarafkomu eða 3,5 ma.kr. þrátt fyrir að vægi þessa liðar í afkomunni lækki verulega á milli ára en árið 2016 var framlagið 7,6 ma.kr. og 23,3 ma.kr. árið 2015. Vægi fjármunatekna eykst á milli ára. Fjármunatekjur námu 9,1 ma.kr. á árinu 2017 en námu 8,0 ma.kr. á árinu 2016. Einfalt meðaltal arðsemi viðskiptabankanna árið 2017 nam 7,3% en 2016 var arðsemin 8,7%.

Samfara miklum hagnaði síðastliðin ár hefur eigið fé viðskiptabankanna aukist mikið. Samanlagt nam það 652,8 ma.kr. í lok árs 2017 en eigið fé viðskiptabankanna þriggja í lok árs 2016 nam 641,5 ma.kr. Umtalsverðar arðgreiðslur áttu sér stað á liðnu ári en Landsbankinn greiddi 24,8 ma.kr. og Íslandsbanki 13,0 ma.kr. í arð til hluthafa. Hagnaður Arion banka nam 14,4 ma.kr. árið 2017 og arðsemi eigin fjár nam 6,6%, hagnaður Íslandsbanka var 13,2 ma.kr. og arðsemin 7,3% og hagnaður Landsbankans var 19,8 ma.kr. og arðsemin 7,9%.

Tafla 3: Rekstrarafkoma viðskiptabankanna 2009 til 2017 (fjárhæðir í m.kr.)

Hagnaður eftir skatta	Arion banki	Íslandsbanki	Landsbankinn
2009	12.871	23.982	14.322
2010	12.354	29.369	27.231
2011	11.206	1.866	16.957
2012	17.058	23.418	25.494
2013	12.655	23.069	28.767
2014	28.589	22.750	29.736
2015	52.595	20.578	36.460
2016	19.018	20.158	16.643
2017	14.414	13.226	19.766

Arðsemi eigin fjár*	Arion banki	Íslandsbanki	Landsbankinn
2009	16,7%	30,0%	10,0%
2010	13,4%	28,5%	15,9%
2011	10,4%	1,5%	8,9%
2012	14,4%	17,4%	12,0%
2013	9,5%	14,8%	12,3%
2014	19,0%	13,0%	12,1%
2015	29,8%	10,8%	14,2%
2016	9,2%	10,6%	6,5%
2017	6,6%	7,3%	7,9%

*Útreikningar m.v. meðalstöðu eigin fjár hluthafa

Afkoman versnaði um 8,4 ma.kr. milli áranna 2016 og 2017

Afkoma viðskiptabankanna versnaði um 8,4 ma.kr. milli áranna 2016 og 2017. Verri afkomu má fyrst og fremst rekja til einskiptisliða eins og sölu Borgunar á hlutum í Visa Europe sem hafði veruleg áhrif á afkomu Íslandsbanka á árinu 2016 og afskrifta Arion banka á hlutafé og niðurfærslur á lánum í tengslum við gjaldþrot Sameinaðs Silicons á árinu 2017. Jákvæðar virðisbreytingar setja áfram svip á afkomu bankanna. Hlutfall vanskilalána af útlánasafni bankanna var að meðaltali 1,3% í lok árs 2017 en sama hlutfall var 1,9% í lok árs 2016. Alvarleg vanskil (90 dagar eða lengri tími) námu 1,0% af útlánasafni bankanna í lok árs 2017 en hlutfallið var 1,2% í árslok 2016 og fer áfram lækkandi.

Sveiflur vegna virðisbreytinga útlána svo og aðrir óreglulegir liðir, eins og þeir sem varða lögmæti gengistryggðra lána, hafa litað uppgjör viðskiptabankanna frá stofnun þeirra. Bankasýsla ríkisins hefur því frá upphafi kosið að horfa meira á „grunnrekstur“, þ.e. reglulegan rekstur og kjarnarekstur.

Áður en áfram er haldið verður farið yfir þá mælikvarða sem Bankasýsla ríkisins hefur notað síðustu ár til að meta árangur viðskiptabankanna. Mælikvarðarnir í töflu 4 lýsa betur rekstrarhæfi til framtíðar og auðvelda samanburð á rekstrarafkomu milli ára, þar sem einskiptis- og óreglulegir liðir eru ekki taldir með við mælingu á rekstrarárangri. Mælikvarðarnir eru eftirfarandi:

Tafla 4: Skilgreiningar Bankasýslunnar á reglulegum rekstri og kjarnarekstri banka

Hugtak	Skilgreining
Reglulegur rekstur	Reglulegur rekstur (reglulegar tekjur – reglulegur kostnaður). Reglulegar tekjur eru hreinar vaxtatekjur og hreinar þjónustutekjur. Reglulegur kostnaður er laun og launatengd gjöld, annar rekstrarkostnaður, gjöld í TIF og afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna. Í tilviki Arion banka eru eigin tjón sem fylgja tryggingastarfsemi ekki talin til reglulegs kostnaðar, enda eru eigin iðgjöld ekki talin til reglulegra tekna
Kjarnarekstur	Reglulegur rekstur auk fjármunatekna. Til fjármunatekna telst hagnaður eða tap af veltufjáreignum og hagnaður eða tap af fjáreignum tilgreindum á gangvirði.

Skilgreiningarnar eru ekki gallalausar og takmarkast við opinberar tölur úr ársreikningum innlánsstofnana. Uppgjörsaðferðir bankanna eru mismunandi og munaði mestu fyrstu árin um útreikning vaxtatekna með aðferð virkra vaxta við skráningu vaxtatekna en vægi vaxtatekna reiknaðra með aðferð virkra vaxta er nú orðið hverfandi. Auk þess sem áherslumunur, en ekki eðlismunur, er í rekstri viðskiptabankanna, t.d. varðandi áhrif dótturfélaga á uppgjör samstæðu.

Einnig flækir málin nokkuð að Valitor og Borgun eru hluti af rekstrarsamstæðu Arion banka og Íslandsbanka, en framangreind fyrirtæki leggja fram töluverðar þjónustutekjur. Hallar því verulega á hlut Landsbankans í samanburði þjónustutekna. Á móti hallar á Arion banka og Íslandsbanka þegar horft er til kostnaðarhlutfalls, þ.e. kostnaður sem hlutfalli af eignum. Uppbygging og eðli kortafyrirtækja er nokkuð ólíkt hefðbundnum viðskiptabankarekstri þar sem litlar eignir standa á bak við reksturinn, en háar þjónustutekjur, öfugt við bankarekstur.

Umdeilanlegt er hver sé grunnrekstur banka og má jafnvel rökstyðja að skilgreiningarnar séu of þröngar og jafnvel ósanngjarnar. Þannig hentar mæling á afkomu af kjarnarekstri betur fyrir banka sem reisa afkomu sína að töluverðum hluta á fjárfestingarbankastarfsemi og ráðstafað hafa verulegum hluta

eigna sinna í starfsemi þar að lútandi. Hins vegar eru vaxta- og þjónustutekjur hvað stöðugastar og ekki jafn næmar fyrir sveiflum á markaði líkt og fjármunatekjur. Því má draga þá ályktun að banki, sem hefur háa arðsemi af reglulegum rekstri, hafi stöðugan og öruggan tekjugrunn. Lítill munur ætti að vera á milli reglulegs rekstrar og kjarnarekstrar hjá bönkum, sem einbeita sér að hefðbundnum bankarekstri.

Í greiningunni sem hér fer á eftir er notast við framangreindar skilgreiningar á rekstri, auk eftirfarandi kennitalna sem hafa verið skilgreindar í töflu 4 hér að framan.

Tafla 5: Kennitölur í rekstri

Rekstrar- og afkomuhugtak	Skilgreining
Arðsemi reglulegs rekstrar:	(Reglulegar tekjur – Reglulegur kostnaður – Reiknaðir skattar)/Meðalstaða eigin fjár
Arðsemi kjarnarekstrar:	(Reglulegar tekjur + fjármunatekjur – Reglulegur kostnaður – Reiknaðir skattar)/Meðalstaða eigin fjár
Hlutfall innlána af útlánum:	Innlán viðskiptavina/Útlán viðskiptavina
Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar:	Reglulegur kostnaður/Reglulegar tekjur
Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar:	Reglulegur kostnaður/(Reglulegar tekjur + fjármunatekjur)
Kostnaður sem hlutfall af heildareignum:	Reglulegur kostnaður/Meðalstaða eigna
Meðalstaða eigin fjár:	Meðaltal eigin fjár í upphafi og lok árs
Meðalstaða eigna:	Meðaltal eigna í upphafi og lok árs
Vaxtamunur:	Hreinar vaxtatekjur/Meðalstaða eigna

Árið 2017 voru reglulegar tekjur (hreinar vaxta- og þjónustutekjur) að meðaltali 89,5% rekstrartekna. Síðastliðin fimm ár hefur vegið meðaltal reglulegra tekna bankanna þriggja legið á bilinu 65,9% til 89,5% af rekstrartekjum og meðaltal fjármunatekna sem hlutfall af rekstrartekjum legið á bilinu 5,2% til 16,0%. Í þessu samhengi ber að líta til þess að bankarnir þrír halda á mismunandi stórum stöðum í fjármálagerningum, fjárfestingareignum og fjárfestingum í hlutdeildarfélögum sem hlutfall af eignum. Í árslok nam staða Íslandsbanka í fjármálagerningum, fjárfestingaeignum og fjárfestingum í hlutdeildarfélögum samtals 3,9% af heildareignum bankans (fimm ára meðaltal: 7,7%) á meðan sama hlutfall nam 9,5% hjá Arion banka (fimm ára meðaltal: 10,8%) og 12,3% hjá Landsbankanum (fimm ára meðaltal: 20,6%). Út frá þessu má sjá að efnahagsreikningur hvers banka er frábrugðinn þeim næsta.

Afkoma af reglulegum rekstri viðskiptabankanna að aukast milli 2016 og 2017.

Hagnaður af reglulegum rekstri viðskiptabankanna dróst saman á milli áranna 2016 og 2017 um 2,5 ma.kr., en bókhaldslegur hagnaður dróst saman um 8,4 ma.kr. á sama tímabili. Afkoma af reglulegum rekstri bankanna þriggja versnar því á milli tímabila. Hreinar vaxtatekjur voru nánast óbreyttar á milli tímabila. Hreinar þjónustutekjur jukust um 2,0 ma.kr. á milli ára. Gjöld af reglulegri starfsemi jukust að nýju um 4,9 ma.kr. milli áranna 2016 og 2017 en milli áranna 2015 og 2016 jukust gjöldin um 4,2 ma.kr.

Á mynd 3 má sjá hagnað og arðsemi viðskiptabankanna af reglulegum rekstri síðastliðin fimm ár.

Mynd 3: Hagnaður og arðsemi reglulegs rekstrar viðskiptabanka 2013-2017 (m.kr.)



Sjá má að arðsemi reglulegs rekstrar hefur legið á bilinu 6,0% til 6,4% og að hagnaður af reglulegum rekstri eftir reiknaða skatta dróst saman á milli áranna 2013 og 2014 en jókst aftur á milli áranna 2014-2016 og dróst svo aftur saman á milli áranna 2016 og 2017.

Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatta árið 2017 nam 4,5% hjá Arion banka, 6,8% hjá Íslandsbanka og 6,7% hjá Landsbankanum. Þegar söguleg arðsemi viðskiptabankanna er skoðuð, sem og innbyrðis arðsemi þeirra á milli, verður að taka tillit til þess að eigið fé viðskiptabankanna hefur hækkað mikið frá árslokum 2009 og er misjafnt milli banka. Á móti kemur að hærra eigið fé ætti að gera bönkunum kleift að halda á útlánum með hærra áhættuvægi og hærri vaxtatekjum. Þróun arðsemi reglulegs rekstrar einstakra banka má sjá á mynd 4 hér á eftir.

Mynd 4: Arðsemi reglulegs rekstrar 2013-2017



Af myndinni má sjá að þróun arðsemi reglulegs rekstrar samkvæmt framangreindri skilgreiningu er misjöfn milli bankanna þriggja. Arðsemi Landsbankans batnar á árunum 2014 til 2017 eftir að hafa lækkað á milli áranna 2013 og 2014 en arðsemi Íslandsbanka, sem hafði hækkað á milli síðustu ára, lækkar aftur á milli áranna 2016 og 2017. Arðsemi reglulegs rekstrar Arion banka stóð nánast í stað á árunum 2013-2015 en lækkar síðan í 5,3% á árinu 2016 og lækkar í 4,5% á árinu 2017, sem er lægsta arðsemi reglulegs rekstrar sem bankinn hefur skilað á sl. fimm árum. Reglulegur rekstur er þó aðeins einn mælikvarði á rekstrarárangur. Annar mælikvarði er kjarnarekstur. Á mynd 5 má sjá afkomu af kjarnarekstri eftir skatta.

Mynd 5: Hagnaður (ma. kr.) og arðsemi kjarnarekstrar viðskiptabankanna eftir reiknaða skatta



Sjá má að meiri sveiflur eru í hagnaði af kjarnarekstri en reglulegum rekstri. Hagnaður af kjarnarekstri viðskiptabankanna var að meðaltali 48,1 ma.kr. á ári síðastliðin fimm ár á meðan hagnaður af reglulegum rekstri var 35,2 ma.kr. Þannig hefur afkoma kjarnarekstrar verið umtalsvert betri enda tekið tillit til fleiri tekjuþátta.

Afkoma viðskiptabankanna af kjarnarekstri nam 45,8 ma.kr. á árinu 2017 og stendur því sem næst í stað á milli ára.

Að meðaltali var arðsemi kjarnarekstrar 7,1% árið 2017 og nokkuð hærri en af reglulegum rekstri sem nam 6,0%. Hæst var arðsemi af kjarnarekstri hjá Landsbankanum eða 8,6%, arðsemi kjarnarekstrar hjá Íslandsbanka var 6,5% og hjá Arion banka var 6,0%. Á mynd 6 hér á eftir má sjá þróun arðsemi kjarnarekstrar fyrir einstaka banka sl. fimm ár.

Mynd 6: Arðsemi kjarnarekstrar 2013-2017



Rekstrarreikningur viðskiptabankanna

Aukning í vaxtatekjum

Vaxtatekjur eru stærsti tekjuliður bankanna og hafa breytingar í vaxtaumhverfi og verðbólgu því mikil áhrif á afkomu bankanna. Hreinar vaxtatekjur stjórnast aðallega af fjárhæð vaxtaberandi útlána, vaxtamun útlána og fjármögnunar ásamt verðbólgu ársins. Hreinar vaxtatekjur bankanna námu samtals 96,1 ma.kr. árið 2017 en voru 96,4 ma.kr. árið áður og standa því nánast í stað á milli ára.

Allir bankarnir þrír eiga meira af verðtryggðum eignum heldur en skuldum og því hefur meiri verðbólga jákvæð áhrif á hreinar vaxtatekjur til hækkunar. Vísitala neysluverðs til verðtryggingar hækkaði um 1,9% yfir árið 2017 samanborið við 2,1% árið 2016. Eins og nefnt var hér að framan þá er verðtryggingarjöfnuður allra bankanna þriggja jákvæður. Verðtryggingarjöfnuður Landsbankans var jákvæður um 221,9 ma. kr. í lok ársins 2017, sem þýðir að 1,0% hækkun á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar á ári skilar 2,2 ma.kr. aukningu í hreinum vaxtatekjum Landsbankans. Verðtryggingarjöfnuður Arion banka var jákvæður um 132,9 ma. kr. í lok árs 2017 og hjá Íslandsbanka 27,5 ma.kr. Samtals er verðtryggingarjöfnuðurinn jákvæður um 382,3 ma.kr. hjá bönkunum þremur í lok árs 2017 og 1,0% hækkun á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar þýðir því 3,8 ma.kr. aukningu í hreinum vaxtatekjum.

Vaxtamunur bankanna hefur einnig áhrif og hann má mæla á marga vegu. Algengt er að hann sé mældur sem hreinar vaxtatekjur ársins sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna á árinu. Mynd 7 hér að neðan sýnir þróun á þessu hlutfalli bankanna þriggja síðastliðin 5 ár:

Mynd 7: Vaxtamunur viðskiptabankanna 2013-2017



Veginn meðal vaxtamunur bankanna árið 2017 nam 2,9% en var 3,0% á árinu 2016. Á mynd 7 sést þróun vaxtamunar einstakra viðskiptabanka eftir árum. Hár vaxtamunur íslensku bankanna í samanburði við erlenda banka skýrist m.a. af miklu eigin fé, sem ekki ber vaxtakostnað eins og önnur fjármögnun.

Vöxtur í þjónustutekjum

Hreinar þjónustutekjur viðskiptabankanna jukust um 2,0 ma.kr. eða 5,7% á milli 2016 og 2017. Þjónustutekjur Arion banka jukust hlutfallslega mest árið 2017 eða um 9,9%, þjónustutekjur Landsbankans jukust um 8,0% á meðan þjónustutekjur Íslandsbanka stóðu nánast í stað. Tafla 6 hér að neðan sýnir þróun þjónustutekna hvers banka síðastliðin fimm ár.

Tafla 6: Þróun þjónustutekna viðskiptabankanna þriggja 2013-2017 (m.kr.)

	2013	2014	2015	2016	2017
Arion banki	11.223	13.309	14.484	13.978	15.357
Íslandsbanki	10.433	11.483	13.170	13.723	13.750
Landsbankinn	5.291	5.836	6.841	7.809	8.431
Samtals	26.947	30.628	34.495	35.510	37.538

Eins og sjá má í töflunni eru þjónustutekjur Landsbankans langsamlega lægstar. Ástæðu mun lægri þjónustutekna Landsbankans má að stórum hluta rekja til þess að kortafyrirtækin Valitor og Borgun eru hluti af samstæðu Arion banka og Íslandsbanka. Hins vegar er ekkert kortafyrirtæki hluti af

samstæðu Landsbankans. Hlutfall þjónustutekna af rekstrartekjum var hæst hjá Íslandsbanka eða 31,1%, hjá Arion banka 28,8% og 16,3% hjá Landsbankanum.

Fjármunatekjur og aðrar tekjur

Hreinar fjármunatekjur viðskiptabankanna þriggja námu samanlagt 9,1 ma.kr. á árinu 2017 á móti 8,1 ma.kr. á árinu 2016. Til fjármunatekna telst hagnaður (tap) af fjáreignum tilgreindum á gangvirði og hagnaður (tap) af veltufjáreignum og – skuldum. Fjármunatekjur hafa verið hæstar hjá Landsbankanum á meðal viðskiptabankanna eða að meðaltali 7,5 ma.kr á ári sl. fimm ár, hjá Arion banka hafa þær numið 6,7 ma.kr. að meðaltali á sama tímabili og 1,9 ma. kr. á ári hjá Íslandsbanka. Fjármunatekjur árið 2017 voru hæstar hjá Landsbankanum eða 5,8 ma.kr., hjá Arion banka voru þær 4,0 ma.kr. en hjá Íslandsbanka voru þær neikvæðar um 700 m.kr. Hreinar fjármunatekjur ráðast annars vegar af hversu stórar stöður eru í fjármálagerningum og hins vegar hvaða ávöxtun bankarnir hafa af þeim. Fjármálagerningar síðastliðin fimm ár hafa numið að meðaltali 20,6% af heildareignum Landsbankans, 10,8% af heildareignum Arion banka en aðeins 7,7% hjá Íslandsbanka. Það kemur því ekki á óvart að Landsbankinn hefur alla jafna verið með hærri hreinar fjármunatekjur en Arion banki og Íslandsbanki.

Aðrar tekjur viðskiptabankanna námu 6,6 ma.kr. árið 2017 samanborið við 15,2 ma.kr. árið 2016 (meðaltal sl. fimm ára 15,3 ma.kr.).

Gjöld

Reglulegur rekstrarkostnaður viðskiptabankanna þriggja, eins og hann er skilgreindur hér að framan, hefur aukist að nafnvirði sl. fimm ár um 15,7% en aukist að raunvirði um 4,9% að teknu tilliti til 10,8% verðbólgu yfir sama tímabil. Stærstur hluti rekstrarkostnaðar bankanna eru launakostnaður og annar rekstrarkostnaður. Þróunin hefur þó verið mjög ólík á milli bankanna.

Mynd 8: Reglulegur rekstrarkostnaður viðskiptabankanna 2013-2017 (m.kr.)



Þegar kostnaður af reglulegum rekstri sem hlutfall af reglulegum tekjum eins og skilgreint var hér að framan er skoðaður þá kemur eftirfarandi mynd í ljós.

Mynd 9: Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar 2013-2017



Á mynd 9 má sjá að reglulegur rekstrarkostnaður Arion banka er nokkuð hærri að staðaldri en hjá Íslandsbanka og Landsbankanum. Meðalkostnaðarhlutfall Arion banka sl. 5 ár er 70,1% á meðan það er 62,9% hjá Íslandsbanka og 59,5% hjá Landsbankanum yfir sama tímabil.

Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar horfir bæði á tekjur og kostnað. Einnig er unnt að skoða kostnað sem hlutfall af meðalstöðu eigna. Rekstrarkostnaður af reglulegri starfsemi sem hlutfall af meðalstöðu eigna var hæstur hjá Arion banka árið 2017 eða 3,0% á meðan hann nam 2,7% hjá Íslandsbanka og 2,1% hjá Landsbankanum. Mynd 10 sýnir þróun á þessu hlutfalli milli ára hjá bönkunum sl. fimm ár.

Mynd 10: Reglulegur kostnaður sem hlutfall af meðalstöðu eigna 2013-2017



Af myndinni má dæma að kostnaðarhlutfallið hefur hækkað hjá Arion banka frá árinu 2013, en hefur aftur á móti lækkað hjá Íslandsbanka á milli áranna 2013 og 2016 en hækkar svo á milli áranna 2016 og 2017. Landsbankinn stendur í stað með lægsta hlutfallið sem hefur haldist á milli 2,0 og 2,2% síðastliðin fimm ár. Hér þarf þó að hafa í huga þann eðlismun sem er á Landsbankanum og hinum tveimur viðskiptabönkunum, þ.e. kortafyrirtæki eru hluti af efnahagsreikningi Arion og Íslandsbanka. Þau skapa framangreindum bönkum umtalsverðar þjónustutekjur og kostnað en hlutfallslega litlar eignir standa á bak við fyrirtækin.

Efnahagsreikningur viðskiptabankanna

Eignir viðskiptabankanna voru 3.376 ma.kr. í árslok 2017 og jukust að nafnvirði um 5,7% en að raunvirði um 3,9%. Útlán viðskiptabankanna voru sem fyrr stærsti eignaflokkur á efnahagsreikningi bankanna og samsvaraði 72,4% af heildareignum þeirra. Handbært fé og innistæður voru 11,7% af efnahagsreikningi bankanna, fjármálagerningar 8,6%, lán til lánastofnana voru 4,6% og aðrar eignir 2,7%. Óveruleg breyting varð á þessum hlutföllum á milli ára.

Skuldir og eigið fé

Íslensku viðskiptabankarnir voru í lok árs 2017 fjármagnaðir af innlánum viðskiptavina og innlánsstofnana (49,9%), með eigin fé (19,3%) og með lántökum og öðrum skuldum (30,8%). Vægi innlána og eigin fjár minnkar á milli ára og lántaka eykst.

Mynd 11: Fjármögnun viðskiptabankanna 31.12.2017



Eiginfjárhlutfall

Eiginfjárhlutfall Landsbankans lækkaði á milli ára og var 26,7% á móti 30,2% í lok árs 2016. Eiginfjárhlutfall Arion banka var 24,0% í lok árs en var 26,8% í lok árs 2016.[7] Eiginfjárhlutfall Íslandsbanka var 24,1% en var 25,2% í lok árs 2016. Arðgreiðslur hafa hér mest áhrif en Arion banki greiddi ekki arð á árinu 2017 (sjá þó umfjöllun að ofan).. Eiginfjárþáttur A hjá Arion banka var 23,6% í árslok 2017, hjá Íslandsbanka lækkaði hann úr 24,9% í 22,6% og hjá Landsbankanum úr 29,7% í 26,3%. Eiginfjárhlutföll viðskiptabankanna eru nær eingöngu reist á eiginfjárþætti A í lok árs 2017.

Eignahlið efnahagsreiknings

Á mynd 12 má sjá eignir viðskiptabankanna flokkaðar í útlán, sem er fyrsti eignaflokkurinn, og endurspeglar best hefðbundinn viðskiptabankarekstur eða reglulegan rekstur. Útlán námu 74,2% af eignum Arion banka, 75,5% af eignum Íslandsbanka og 81,4% af eignum Landsbankans í árslok 2017. Að meðaltali eru útlán 77% af efnahagsreikningi viðskiptabankanna.

Í öðrum eignaflokknum eru svo fjármálagerningar en samanlagt endurspegla eignaflokkur eitt og tvö kjarnarekstur. Hlutfallslega hæst hlutfall fjármálagerninga af heildareignum er hjá Landsbankanum eða 12,3% af heildareignum. Hlutfall fjármálagerninga er 3,9% hjá Íslandsbanka og 9,5% hjá Arion banka.

[7] Á hluthafafundi í Arion banka þann 12. Febrúar 2018 var samþykkt arðgreiðsla og endurkaup á eigin bréfum að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Nam fjárhæðin samanlagt 25 ma.kr. að hámarki og var eiginfjárhlutfall í lok árs leiðrétt með tilliti til þessa.

Mynd 12: Skipting eigna viðskiptabankanna 31.12.2017



Arion banki

Hagnaður Arion banka nam 14,4 ma.kr. árið 2017 en var 19,0 ma.kr. árið 2016 og lækkar því um 4,6 ma.kr. á milli ára. Hagnaður af reglulegum rekstri nam 10,0 ma.kr. eftir reiknaða skatta árið 2017, en nam 10,7 ma.kr. árið áður. Afkoma reglulegs rekstrar versnar því lítillega á milli ára. Hreinar vaxtatekjur voru 29,8 ma.kr. en voru 29,9 ma.kr. árið áður. Hreinar þjónustutekjur námu 15,4 ma.kr. og aukast um 1,4 ma.kr. á milli ára eða um 9,9%. Launakostnaður og annar rekstrarkostnaður jókst um 0,79 ma.kr.

Tafla 7: Reglulegur rekstur Arion banka (fjárhæðir í m.kr.)

	2017	2016	2015	2014	2013
Hreinar vaxtatekjur	29.835	29.900	26.992	24.220	23.800
Hreinar þjónustutekjur	15.357	13.978	14.484	13.309	11.223
Samtals reglulegar tekjur	**45.192**	**43.878**	**41.476**	**37.529**	**35.023**
Laun og launatengd gjöld	17.536	16.659	14.892	13.979	13.537
Annar rekstrarkostnaður	12.469	11.235	10.426	9.518	8.633
Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna	2.132	1.842	1.656	2.034	1.788
Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda	840	804	836	829	791
Samtals reglulegur kostnaður	**32.977**	**30.540**	**27.810**	**26.360**	**24.749**
Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar	*73,0%*	*69,6%*	*67,1%*	*70,2%*	*70,7%*
Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatta	12.215	13.338	13.666	11.169	10.274
Afkoma af reglulegum rekstri eftir skatta	**9.772**	**10.670**	**10.933**	**8.935**	**8.219**
Arðsemi reglulegs rekstrar fyrir skatta	*5,6%*	*6,6%*	*7,7%*	*7,4%*	*7,7%*
Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatta	*4,5%*	*5,3%*	*6,2%*	*5,9%*	*6,2%*

Einkennandi fyrir rekstur Arion banka er hátt hlutfall hreinna þjónustutekna og annarra tekna samanborið við hreinar vaxtatekjur, en afkoma Valitor og Varðar er hluti af samstæðureikningsskilum. Hreinar þjónustutekjur bankans af greiðslukortum námu 6,1 ma.kr. árið 2017 eða 40% af þjónustutekjum. Hreinar tekjur af eignastýringu bankans námu 4,2 ma.kr. árið 2017 miðað við 4,0 ma.kr. árið áður. Eftir kaup Arion banka á Verði tryggingafélagi er gerð sérstök grein fyrir hreinum tekjum af tryggingastarfsemi í heildarafkomu bankans og nema þær 2,1 ma.kr. á móti 1,4 ma.kr. á árinu 2016.

Hreinar fjármunatekjur Arion banka námu 4,1 ma.kr. á árinu 2017 á móti 5,2 ma.kr. á árinu 2016. Afkoma af kjarnarekstri nam 13,0 ma.kr. á móti 15,8 ma.kr. á árinu 2016. Arðsemi af kjarnastarfsemi nam 6,0% eftir skatt en arðsemin var 7,8% á síðasta ári.

Tafla 8: Kjarnarekstur Arion banka (fjárhæðir í m.kr.)

	2017	2016	2015	2014	2013
Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatt	12.215	13.338	13.666	11.169	10.274
Hreinar fjármunatekjur	4.091	6.415	13.026	6.477	3.441
Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatt	16.306	19.753	26.692	17.646	13.715
Afkoma af kjarnarekstri eftir skatt	**13.045**	**15.802**	**21.354**	**14.117**	**10.972**
Arðsemi kjarnarekstrar fyrir skatt	*7,5%*	*9,8%*	*15,1%*	*11,7%*	*10,3%*
Arðsemi kjarnarekstrar eftir skatt	*6,0%*	*7,8%*	*12,1%*	*9,4%*	*8,2%*
Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar	*66,9%*	*60,7%*	*51,0%*	*59,9%*	*64,3%*

Tafla 9: Efnahagsreikningur Arion banka (m.kr.)

	2017	2016	2015	2014	2013
Handbært fé og innstæður hjá SÍ	139.819	87.634	48.102	21.063	37.999
Lán til lánastofnana	86.609	80.116	87.491	108.792	102.307
Lán til viðskiptavina	765.101	712.422	680.350	647.508	635.774
Hlutabréf	36.190	27.035	35.504	25.232	17.449
Skuldabréf	51.755	69.565	78.794	66.466	62.171
Aðrir fjármálagerningar	21.505	20.856	18.893	10.130	6.921
Aðrar eignir	46.775	38.396	61.909	54.545	76.229
Samtals eignir	**1.147.754**	**1.036.024**	**1.011.043**	**933.736**	**938.850**
Skuldir við innlánsstofnanir	7.370	7.987	11.387	22.876	28.000
Innlán frá viðskiptavinum	462.161	412.064	469.347	454.973	471.866
Lántaka	384.998	339.476	256.058	200.580	204.568
Víkjandi lán	0	0	10.365	31.639	31.918
Aðrar skuldir	67.491	65.113	61.992	61.456	57.552
Samtals skuldir	**922.020**	**824.640**	**809.149**	**771.524**	**793.903**
Eigið fé hluthafa	225.606	211.212	192.786	160.711	140.089
Eigið fé minnihluta	128	172	9.108	1.501	4.858
Samtals eigið fé	**225.734**	**211.384**	**201.894**	**162.212**	**144.947**
Samtals skuldir og eigið fé	**1.147.754**	**1.036.024**	**1.011.043**	**933.736**	**938.850**

Íslandsbanki

Hagnaður Íslandsbanka nam 13,2 ma.kr. árið 2017 og dróst hagnaður bankans saman um 6,9 ma.kr. milli ára en hagnaðurinn nam 20,2 ma.kr. á árinu 2016. Meginskýringin liggur í hreinum fjármunatekjum en á árinu 2016 seldi Borgun hluti í Visa Europe. Afkoma grunnrekstrar eða reglulegs rekstrar versnaði á milli rekstraráranna 2016 og 2017. Hreinar vaxtatekjur lækkuðu um 1,8 ma.kr. sökum lægra vaxtaumhverfis og lækkunar á eigin fé en þóknanatekjur stóðu nánast í stað á milli ára. Laun og launakostnaður hækkaði um 1,0 ma.kr. á milli ára og annar rekstrarkostnaður hækkaði um 0,5 ma.kr. á milli ára. Hagnaður af reglulegum rekstri eftir reiknaða skatta nam 12,1 ma.kr. árið 2017 en nam 15,2 ma.kr. árið áður. Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna nam 2,9% árið 2017 en var 3,0% fyrir árið 2016. Minni vaxtamun má skýra með lægra vaxtaumhverfi og hærra eigin fé.

Tafla 10: Reglulegur rekstur Íslandsbanka (fjárhæðir í m.kr.)

	2017	2016	2015	2014	2013
Hreinar vaxtatekjur	29.999	31.802	28.010	27.105	28.430
Hreinar þjónustutekjur	13.750	13.723	13.170	11.483	10.433
Samtals reglulegar tekjur	**43.749**	**45.525**	**41.180**	**38.588**	**38.863**
Laun og launatengd gjöld	15.810	14.789	13.891	13.307	13.361
Annar rekstrarkostnaður	10.713	10.260	9.061	8.631	11.118
Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna	1.022	372	808	963	1.072
Framlag í Tryggingarstjóð innstæðueigenda	1.083	1.063	1.067	1.055	1.016
Samtals reglulegur kostnaður	**28.628**	**26.484**	**24.827**	**23.956**	**26.567**
Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar	*65,4%*	*58,2%*	*60,3%*	*62,1%*	*68,4%*
Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatta	15.121	19.041	16.353	14.632	12.296
Afkoma af reglulegum rekstri eftir skatta	**12.097**	**15.233**	**13.082**	**11.706**	**9.837**
Arðsemi reglulegs rekstrar fyrir skatta	*8,6%*	*10,2%*	*8,6%*	*8,4%*	*7,9%*
Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatta	*6,8%*	*8,2%*	*6,8%*	*6,7%*	*6,3%*

Hreinar fjármunatekjur Íslandsbanka voru neikvæðar um 0,7 ma.kr. á árinu 2017 en voru jákvæðar um 6,1 ma.kr. árið 2016 og liggur sá munur í sölu Borgunar á eignarhlutum í Visa Europe eins og fram hefur komið. Afkoma af kjarnarekstri eftir skatta nam 11,5 ma.kr. samanborið við 15,2 ma.kr. árið 2016.

Tafla 11: Kjarnarekstur Íslandsbanka (fjárhæðir í m.kr.)

	2017	2016	2015	2014	2013
Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatt	15.121	19.041	16.353	14.632	12.296
Hreinar fjármunatekjur	-715	-90	3.881	1.793	4.612
Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatt	14.406	18.951	20.234	16.425	16.908
Afkoma af kjarnarekstri eftir skatt	**11.525**	**15.161**	**16.187**	**13.140**	**13.526**
Arðsemi kjarnarekstrar fyrir skatt	*8,2%*	*10,2%*	*10,6%*	*9,4%*	*10,8%*
Arðsemi kjarnarekstrar eftir skatt	*6,5%*	*8,1%*	*8,5%*	*7,5%*	*8,7%*
Kostnaðarhlutfall kjarnakrekstrar	*66,5%*	*58,3%*	*55,1%*	*59,3%*	*61,1%*

Tafla 12: Efnahagsreikningur Íslandsbanka (m.kr.)

	2017	2016	2015	2014	2013
Handbært fé og innstæður hjá SÍ	189.045	275.453	216.760	103.389	111.779
Lán til lánastofnana	26.617	17.645	35.534	35.072	44.078
Lán til viðskiptavina	755.175	687.840	665.711	634.799	554.741
Hlutabréf	10.177	10.626	18.320	10.531	9.208
Skuldabréf	27.090	31.256	78.606	87.347	75.186
Aðrir fjármálagerningar	2.896	1.953	1.981	1.810	843
Aðrar eignir	24.822	22.781	28.857	38.380	70.174
Samtals eignir	**1.035.822**	**1.047.554**	**1.045.769**	**911.328**	**866.009**
Skuldir við innlánsstofnanir	11.189	4.922	25.631	25.796	29.689
Innlán frá viðskiptavinum	567.029	594.187	593.245	529.447	489.331
Lántaka	217.748	212.468	150.308	96.889	89.193
Víkjandi lán	9.505	0	19.517	21.306	21.890
Aðrar skuldir	49.306	57.052	54.841	52.403	68.588
Samtals skuldir	**854.777**	**868.629**	**843.542**	**725.841**	**698.691**
Eigið fé hluthafa	178.566	174.702	198.290	183.823	166.019
Eigið fé minnihluta	2.479	4.223	3.937	1.664	1.299
Samtals eigið fé	**181.045**	**178.925**	**202.227**	**185.487**	**167.318**
Samtals skuldir og eigið fé	**1.035.822**	**1.047.554**	**1.045.769**	**911.328**	**866.009**

Landsbankinn

Bókhaldsleg afkoma Landsbankans hækkaði umtalsvert á milli áranna 2016 og 2017 og nam hagnaður 19,8 ma.kr árið 2017 samanborið við hagnað upp á 16,6 ma.kr. árið áður. Stærsti einstaki liðurinn snýr að virðisbreytingum útlána en Landsbankinn var með neikvæða færslu að fjárhæð 318 m.kr. árið 2016 en jákvæða færslu að fjárhæð 1,8 ma.kr. árið 2017. Hreinar vaxtatekjur jukust um 1,6 ma.kr. milli ára, eða um 5%, og hreinar þóknanatekjur um 0,6 ma.kr. sem samsvarar 8% hækkun. Aðrar rekstrartekjur voru 7,0 ma.kr. og jukust um 7% á milli ára. Afkoma bankans af reglulegum rekstri eftir skatta nam 16,7 ma.kr. á árinu 2017 samanborið við 15,2 ma.kr. árið 2016. Arðsemi reglulegs rekstrar var 6,7% en var 5,9% árið 2016. Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar var 53,4% en var 55,4% á árinu 2016. Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna var 3,1% rétt eins og á síðasta ári.

Tafla 13: Reglulegur rekstur Landsbankans (fjárhæðir í m.kr.)

	2017	2016	2015	2014	2013
Hreinar vaxtatekjur	36.271	34.650	32.324	28.073	34.314
Hreinar þjónustutekjur	8.431	7.809	6.841	5.836	5.291
Samtals reglulegar tekjur	44.702	42.459	39.165	33.909	39.605
Laun og launatengd gjöld	14.061	14.049	13.754	13.567	12.613
Annar rekstrarkostnaður	7.794	7.586	8.061	8.545	8.050
Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna	718	611	663	942	818
Framlag í Tryggingarstjóð innstæðueigenda	1.277	1.268	1.254	1.034	1.079
Samtals reglulegur kostnaður	23.850	23.514	23.732	24.088	22.560
Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar	*53,4%*	*55,4%*	*60,6%*	*71,0%*	*57,0%*
Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatta	20.852	18.945	15.433	9.821	17.045
Afkoma af reglulegum rekstri eftir skatta	16.682	15.156	12.346	7.857	13.636
Arðsemi reglulegs rekstrar fyrir skatta	*8,4%*	*7,3%*	*6,0%*	*4,0%*	*7,3%*
Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatta	*6,7%*	*5,9%*	*4,8%*	*3,2%*	*5,8%*

Hlutfallslega hefur vægi fjármunatekna verið mun hærra hjá Landsbankanum en hinum bönkunum, enda bindur hann mun hærra hlutfall eigna sinna í fjármálagerningum. Þetta hlutfall hefur þó lækkað verulega og í lok árs 2017 námu fjármálagerningar 12% af heildareignum bankans en voru 16% í lok árs 2016. Fjármunatekjur Landsbankans hækkuðu umtalsvert á milli ára og námu 5,8 ma.kr. á árinu 2017 en voru 1,8 ma.kr. á árinu 2016. Þennan viðsnúning má að mestu leyti rekja til hagfelldra markaðsaðstæðna. Arðsemi kjarnarekstar eftir reiknaða skatta fór því úr 6,4% árið 2016 í 8,6% fyrir árið 2017.

Tafla 14: Kjarnarekstur Landsbankans (fjárhæðir í m.kr.)

	2017	2016	2015	2014	2013
Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatt	20.852	18.945	15.433	9.821	17.045
Hreinar fjármunatekjur	5.802	1.755	12.726	6.763	10.552
Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatt	26.654	20.700	28.159	16.584	27.597
Afkoma af kjarnarekstri eftir skatt	**21.323**	**16.560**	**22.527**	**13.267**	**22.078**
Arðsemi kjarnarekstrar fyrir skatt	*10,7%*	*8,0%*	*10,9%*	*6,7%*	*11,8%*
Arðsemi kjarnarekstrar eftir skatt	*8,6%*	*6,4%*	*8,7%*	*5,4%*	*9,5%*
Kostnaðarhlutfall kjarnakrekstrar	*47,2%*	*53,2%*	*45,7%*	*59,2%*	*45,0%*

Tafla 15: Efnahagsreikningur Landsbankans (m.kr.)

	2017	2016	2015	2014	2013
Handbært fé og innstæður hjá SÍ	55.192	30.662	25.164	10.160	21.520
Lán til lánastofnana	44.866	20.408	20.791	49.789	67.916
Lán til viðskiptavina	925.636	853.417	811.549	718.355	680.468
Hlutabréf	27.980	26.688	29.192	29.433	36.275
Skuldabréf	117.310	154.892	203.684	243.589	290.595
Aðrir fjármálagerningar	1.905	278	287	78	654
Aðrar eignir	19.981	24.812	27.991	46.966	54.088
Samtals eignir	**1.192.870**	**1.111.157**	**1.118.658**	**1.098.370**	**1.151.516**
Skuldir við innlánsstofnanir	32.062	20.093	56.731	53.827	167.218
Innlán frá viðskiptavinum	605.158	589.725	559.051	551.435	456.662
Lántaka	281.874	223.944	209.344	207.028	239.642
Víkjandi lán	77	388	639	0	0
Aðrar skuldir	27.642	25.776	28.362	35.277	46.635
Samtals skuldir	**946.813**	**859.926**	**854.127**	**847.567**	**910.157**
Eigið fé hluthafa	246.057	251.204	264.501	250.803	241.366
Eigið fé minnihluta	0	27	30	0	-7
Samtals eigið fé	**246.057**	**251.231**	**264.531**	**250.803**	**241.359**
Samtals skuldir og eigið fé	**1.192.870**	**1.111.157**	**1.118.658**	**1.098.370**	**1.151.516**

Sparisjóður Austurlands hf.

Sparisjóður Austurlands hf. skilaði bókhaldslegri afkomu eftir skatt að fjárhæð 10,2 m.kr. á árinu 2017 sem er talsvert lakari afkoma en árið áður þegar sjóðurinn skilaði 60,0 m.kr. hagnaði. Aukinn kostnaður vegna upplýsingatækni, niðurfærsla vegna skatteignar og kostnaður vegna fullnustueigna vega þar þyngst.

Heildareignir sjóðsins voru í árslok 2017 6.361,0 m.kr. en voru 6.175,0 m.kr. í árslok 2016 og jukust því um 185,0 m.kr. á milli ára. Bókfært eigið fé sjóðsins í lok árs nam 796,9 m.kr. og eiginfjárhlutfall sjóðsins reiknað samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 24,9%. Til samanburðar nam eigið fé sjóðsins 786,7 m.kr. á síðasta ári og eiginfjárhlutfallið þá 23,1%. Eiginfjárkrafan sem Fjármálaeftirlitið gerir til sjóðsins út frá SREP ferli er 18,6% með eiginfjáraukum m.v. árslok 2017. Hækkaði krafan svo í 19,85% þann 1. janúar 2018 og skal vera 20,85% þann 1. janúar 2019.

Hluthafar voru 93 í lok árs og nam hlutafé sparisjóðsins 700,9 m.kr. Bankasýsla ríkisins fer með 49,5% hlutafjár og skipar tvo aðalmenn og einn varamann.

Hreinar vaxtatekjur voru 245,5 m.kr. og lækka um 10,7 m.kr. á milli ára eða um 4%. Vaxtamunur sjóðsins lækkar úr 4,19% í 3,92%. Hreinar þjónustutekjur námu 31,0 m.kr. en voru 33,0 m.kr. árið áður. Aðrar rekstrartekjur námu 12,6 m.kr. en voru 22,1 m.kr. árið á undan.

Launakostnaður hækkar á milli ára og er 88,5 m.kr. en var 83,1 m.kr. árið áður. Á árinu störfuðu 6,8 starfsmenn að meðaltali hjá sparisjóðnum. Annar rekstrarkostnaður hækkar og var 144,2 m.kr. en var 131,7 m.kr. árið áður.

Afkoma reglulegs rekstrar fyrir skatt var 24,6 m.kr. en var 64,2 m.kr. árið áður.

Kostnaðarhlutfall var 73,4% en kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar var 89,4%. Sambærilegar tölur frá fyrra ári voru 81,3% og 74,2%. Kostnaður á móti meðalstöðu heildareigna var 4,1% en var 3,8% árið áður.

Tafla 16: Efnahagsreikningur Sparisjóðs Austurlands hf. (fjárhæðir í þús. kr.)

	2017	2016	2015	2014	2013
Sjóður og innstæður í SÍ	2.119.326	2.129.958	2.175.047	1.878.898	1.485.644
Útlán til lánastofnana	34.527	54.791	270.575	330.011	361.436
Útlán til viðskiptavina	3.979.877	3.703.077	3.214.274	2.948.897	2.972.555
Fullnustueignir	54.000	62.500	100.000	149.100	85.000
Skuldabréf	0	30.052	33.246	35.132	77.829
Hlutabréf	4.555	4.555	17.333	39.663	46.897
Hlutdeildarfélög	0	0	0	0	0
Aðrar eignir	168.566	190.064	247.287	220.425	228.034
Eignir samtals	**6.360.851**	**6.174.997**	**6.057.762**	**5.602.126**	**5.257.395**
Innlán viðskiptavina	5.513.526	5.303.395	5.266.364	4.784.219	4.450.448
Lántaka	0	0	0	0	0
Víkjandi lán	0	0	0	65.328	88.525
Aðrar skuldir	50.408	84.908	64.668	51.692	68.950
Skuldir samtals	**5.563.934**	**5.388.303**	**5.331.032**	**4.901.239**	**4.607.923**
Hlutafé	700.887	700.887	700.887	649.472	625.799
Lögbundinn varasjóður	9.603	8.581	2.584		
Óráðstafað eigið fé	86.426	77.227	23.259	51.415	23.673
Eigið fé samtals	**796.916**	**786.695**	**726.730**	**700.887**	**649.472**
Eigið fé og skuldir samtals	**6.360.850**	**6.174.998**	**6.057.762**	**5.602.126**	**5.257.395**

Tafla 17: Reglulegur rekstur Sparisjóðs Austurlands hf. (fjárhæðir í þús. kr.)

	2017	2016	2015	2014	2013	2012
Hreinar vaxtatekjur	245.513	256.236	211.245	219.473	193.530	168.080
Hreinar þjónustutekjur	30.989	33.006	33.163	32.501	28.824	27.878
Aðrar rekstrartekjur	12.582	22.082	19.421	18.438	21.167	14.501
Samtals reglulegar tekjur	**289.084**	**311.324**	**263.829**	**270.412**	**243.521**	**210.459**
Laun og launatengd gjöld	88.497	83.070	76.789	78.195	67.443	77.250
Annar rekstrarkostnaður	164.743	144.213	131.676	122.851	111.248	110.727
Afskriftir rekstrarfjármuna	5.075	3.824	3.824	4.519	3.519	2.881
Samtals reglulegur kostnaður	**258.315**	**231.107**	**212.289**	**205.565**	**182.210**	**190.858**
Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar	*89,4%*	*74,2%*	*80,5%*	*76,0%*	*74,8%*	*90,7%*
Hagnaður (tap) f. skatt	30.769	80.217	51.540	64.847	61.311	19.601
Hagnaður (tap) e. skatt	**24.615**	**64.174**	**41.232**	**51.878**	**49.049**	**15.681**
Arðsemi reglulegs rekstrar fyrir skatt	*3,9%*	*10,6%*	*7,2%*	*9,6%*	*9,8%*	*3,3%*
Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatt	*3,1%*	*8,5%*	*5,8%*	*7,7%*	*7,9%*	*2,7%*

Tafla 18: Kjarnarekstur Sparisjóðs Austurlands hf. (fjárhæðir í þús. kr.)

	2017	2016	2015	2014	2013
Hagnaður (tap) af reglulegum rekstri fyrir skatt	30.769	80.217	51.540	64.847	61.311
Fjármunatekjur	-197	3.768	-6.156	17.590	41.849
Hagnaður (tap) af kjarnarekstri fyrir skatt	**30.572**	**83.985**	**45.384**	**82.437**	**103.160**
Hagnaður (tap) af kjarnarekstri eftir skatt	**24.458**	**67.188**	**36.307**	**65.950**	**82.528**
Arðsemi kjarnarekstrar fyrir skatt	*3,9%*	*11,1%*	*6,4%*	*12,2%*	*16,5%*
Arðsemi kjarnarekstrar eftir skatt	*3,1%*	*8,9%*	*5,1%*	*9,8%*	*13,2%*
Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar	*89,4%*	*73,3%*	*82,4%*	*71,4%*	*63,9%*

Tafla 19: Lykiltölur Sparisjóðs Austurlands hf. (fjárhæðir í þús. kr.

	2017	2016	2015	2014	2013
Bókhaldsleg afkoma eftir skatt	10.222	59.964	25.843	51.415	51.883
Arðsemi bókhaldslegrar afkomu e. skatt	*1,3%*	*7,9%*	*3,6%*	*7,6%*	*8,3%*
Vaxtamunur	*3,9%*	*4,2%*	*3,6%*	*4,0%*	*3,7%*
Kostnaður/Meðalstaða heildareigna	*4,1%*	*3,8%*	*3,6%*	*3,8%*	*3,5%*
Kostnaðarhlutfall bókhaldslegrar afkomu	*89,3%*	*73,4%*	*81,3%*	*71,7%*	*66,8%*
CAD eiginfjárhlutfall	*24,9%*	*23,1%*	*23,0%*	*21,7%*	*19,2%*
Heildareignir	6.360.850	6.174.998	6.057.762	5.602.126	5.257.395